

Sváfnir Sveinbjarnarson – Ávarp á afmælishátíð 26.7.2020



Ágætu húsbændur og gestir

Bestu hamingjuóskir vil ég flytja hér á þessari afmælishátíð hér í Múlakoti- og þakkir fyrir góðar stundir og velgerðir sem ég hefi fengið að njóta hér, allt frá æskudögum – og ljúft er að minnast þegar á ævikvöldið líður.

Flest er breytingum háð – en þó fágætt að kot verði að höfuðbóli – eins og hér hefur gerst.

Múlakot er kennt við – og var afbýli frá gamla höfðingjasetrinu Eyvindarmúla, þar sem fyrrum sátu sveitarhöfðingjar og framámenn í landsmálum.

Við minnumst í dag þeirra sem gerðu garðinn frægan hér í Múlakoti – með frumkvæði að ræktun og ferðaþjónustu svo þjóðfrægt varð – og samfögnum og þökkum þeim sem hér hafa tekið upp merkið – endurreist og uppbyggt staðinn og alla þjónustu með glæsibrag. Og þannig um leið heiðrað minningu þeirra sem á undan fóru í því að gera kotið að höfuðbóli trjáræktar, garðagróðurs og gestamóttöku, - öðrum til fyrirmyndar á landsvísu.

Þar fóru á undan öðrum heiðurshjónin Guðbjörg Þorleifsdóttir og Túbal Karl Magnússon og fjölskylda þeirra. Guðbjörg í Múlakoti var landskunn ræktunarkona – og garðurinn hennar hér þótti eitt af undrum Íslands á sinni tíð. Hún hlaut margvíslega viðurkenningu fyrir brautryðjendastarf sitt og var sæmd hinni íslensku fálkaorðu og minnisvarði hennar var reistur hér í garðinum sumarið 1970, þegar liðin voru 100 ár frá fæðingu hennar. Var það að frumkvæði Sambands sunnlenskra kvenna.

Túbal maður hennar var farsæll bóndi og kirkjuorganisti – og studdi konu sína í ræktunarstörfunum. Hann var sonur Magnúsar gullsmiðs Eyjólfssonar í

Vestmannaeyjum – sem hefur verið biblíufróður og elskað iðju sína, sem skilja má af því hvernig hann valdi syni sínum nafn: Túbal-Kain er nefndur í 1. Mósebók, 4,22, hann „smíðaði úr kopar og jární alls konar tól“ segir þar. Þorleifur faðir Guðbjargar var bróðir Magnúsar – þannig að þau Múlakotshjón voru bræðrabörn.

Sonur þeirra, Ólafur Túbals, listmálari og gestgjafi og Lára kona hans tóku síðan við af þeim og juku enn veg staðarins með listsköpun og veitingarekstri meðan þeim entist aldur til. Þeirra gestrisni og fyrirgreiðslu fengu margir að njóta hér í Múlakoti.

Fornar heimildir greina frá því að írskri menn, kristnir, sem nefndir voru „papar“, hafi verið hér fyrir í landinu þegar hinir norsku, heiðnu víkingar komu og settust hér að. Þessir norsku víkingar höfðu þá, margir hverjir, herjað og rænt um héruð í Skotlandi og Írlandi, þar sem bjuggu svonefndir Keltar – og tóku þaðan með sér keltneskar konur og ambáttir hingað til Íslands.

Einhverjar „gena“rannsóknir munu hafa bent til þess, að allt að 70% afkomenda þessara fyrstu landnámsmanna hafi haft írskt blóð í æðum – og gert okkur að því sem við erum, svona blendingur af víkingum og Keltum, - ekki mjög árásargjörn og fremur hneigð til lesturs og listbragða af ýmsum toga, sem kennd eru við keltneska menningu.

Til þessarar keltnesku arfleifðar benda m.a. örnefni og bæjarnöfn hér um lágsveitir Suðurlands, svo sem: Dufþekja, Vorsabær, Hemla, Kanastaðir, Íraheiði og Írafoss, svo nokkur séu nefnd sem gætu tengst hinum keltneska arfi frá landnámsöld.

Athygli vekur einnig munurinn á nöfnum afbýla frá stærri bújörðum, annars vegar í uppsveitum og hins vegar í lágsveitum:

Nær fjöllum er algengast að síðari hluti nafns afbýlis sé -kot, en í lágsveitum er það -hjáleiga. Samanber t.d. : Múlakot, Hlíðarendakot, Háakot, Bjargarkot o.s.frv. (í fljótheitum talið samtals 11) í Fljótshlíð – og aftur nær ströndinni t.d.: Álfhólahjáleiga, Strandarhjáleiga, Skíðbakkahjáleiga, Kirkjulandshjáleiga o.s.frv. (samtals a.m.k. 18) í Landeyjum.

Ég læt mér detta í hug að þetta geti tengst búsetu Íranna (Keltanna) í lágsveitum, nærri ströndinni, en að Norðmennirnir hafi sest að nær fjöllum, eins og þeir voru vanir frá Noregi - og þá m.a. hér í Fljótshlíðinni. Það sakar ekki að velta fyrir sér hlutunum, þó hér þurfi nánari rannsókna við.

Breytingar verða á búsháttum og mannlífi á skemmri tíma en þessum öldum sem liðnar eru frá landnámi. Einkum þessi allra síðustu ár og áratugi.

Vísi-Gísli, sýslumaður á Hlíðarenda á 17.öld, bjó við þá búsæld, að hann spáði því að Fljótshlíðin yrði öll að samfelldum matjurtagarði þegar tímar liðu. Raunin hefur hins vegar orðið sú, að bændum hefur hér fækkað til muna, en sumarbústöðum og fastri búsetu annarra en bænda fjölgað. Þar sem áður voru um og yfir 60 bændur hér í sveitinni, munu þeir nú vera innan við 20 sem framleiða búvöru að marki - búin mun færri, en flest til muna stærri en áður tíðkaðist.

Þessi þróun virðist mér hafa verið nokkuð með öðrum hætti í lágsveitunum hér í sýslunni. Þó þar finnst einnig sumarbústaðir, virðist mér sem bændum hafi ekki

fækkað þar neitt líkt og í Fljótshlíðinni – en bú þeirra jafnvel stækkað þar enn meira eftir framræslu mýranna.

Það liggur við að mér finnist þetta minna svolítið á það sem ég sagði um norsku víkingana – að þeir hefðu laðast að landslagi og landkostum Fljótshlíðar. Svo hefur fleirum farið allt til þessa dags, eins og við fáum hér að sjá og njóta.

Fjölbreytni í búsetu og atvinnuháttum setur svip sinn á samfélagið og skapar ný tækifæri fyrir komandi kynslóðir. Dæmi þess höfum við fyrir augum hér í Múlakoti – og verður þeim sem að standa seint fullþakkað.

En gömlum manni og gleymnum fer nú betur að fækka orðum - og vil ég ljúka þessu málskrafi mínu með því að endurtaka þakkir mínar til húsráðenda hér og óska þeim og öllum Fljótshlíðingum og gestum þeirra gæfu og Guðs blessunar í bráð og lengd.

Leyfi mér samt að bæta við litlu ljóði sem varð til er ég eitt sinn á björtum vormorgni ók inn eftir Hlíðinni kæru – með bæjaröðina á vinstri hönd- Tindfjöllin, Goðalandsjökul, Eyjafjallajökul og Seljalandsmúlann framundan:

Morgunsólin málar þilin,
Múlann, Fjöllin, jökulskallann.
Foldu kaldri flytur ylinn.
Fallega gyllir dalinn allan.

Lifnar allt í ljóssins veröld,
leika sér um tún og börðin
lömbin smá og falleg folöld,
fögrum gróðri skartar jörðin.

Flykkjast heim af fjörrum ströndum
með fjaðrabýt um vegu háa,
vorboðar á vængjum þöndum,
velkomnir á landið bláa.

Sælt er að njóta, sjá og lifa
sumarkomu að liðnum vetri:
Um sigur lífsins sögu skrifa
sólaröflin, gullnu letri.

Sváfnir Sveinbjarnarson